

Skýrsla um fjármál Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Önnu Guðrínu Sigurvinsdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

I. Fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar 2023

Vinna við fjárhagsáætlun hófst í byrjun september s. l. og var fyrirtækið Sessor fengið til aðstoðar að þessu sinni. Markmiðið var að leggja fram áætlun með niðurstöðu sem næst jafnvægi í rekstri þ.e. að tekjur og gjöld haldist í hendur. Rekstur Þjóðkirkjunnar hefur verið þungur undanfarin ár og miklir fjármunir tapast, afar mikilvægt er því að snúa þeirri þróun við og stöðva hallarekstur. Rekstur ÞK er ekkert öðru vísi en annar rekstur að því leyti að tekjur verða að dekkja útgjöld m.ö.o. þá þarf reksturinn að vera sjálfbær.

Heildartekjur næsta árs eru áætlaðar tæplega 4,2 milljarðar þ.a. er framlag ríkisins tæplega 4,1 milljarður. Framlag ríkisins hækkar um 2% frá yfirstandandi ári og hefur verið tekið tillit til þess í launahluta rekstraráætlunar. Kjarasamningar eru lausir á næsta ári og ganga þessi 2% upp í væntanlegar launahækkunar, en samningur ÞK við ríkið tryggir að launahluti framlags ríkisins hækkar í samræmi við hækkun samhliða kjarasamningum sem ríkið gerir við sína viðsemjendur. Kjarasamningar ÞK verða því að taka mið af þeim samningum sem ríkið gerir, launahækkunar umfram það yrðu ekki bættar að hálfu ríkisins.

Gjaldamegin er launakostnaður stærsti útgjaldaliðurinn, samtals eru laun og launatengd gjöld áætluð 3,1 milljarður eða sem nemur 75% af útgjöldum. Viðhaldsþörf fasteigna í eigu ÞK er mikil og ekki hægt að fara í allar þær framkvæmdir sem æskilegt væri. Áætlað er að verja 190 milljónum í viðhaldsverkefni á næsta ári sem er ívið hærra upphæð en er á áætlun ársins í ár. Húsnæðiskostnaður Þjónustumiðstöðvar lækkar verulega í áætlun næsta árs eða sem nemur 40-50 milljónum. Þessi lækkun skýrist af því að Þjónustumiðstöðin mun flytja úr Katrínartúni 4 í byrjun nóvember n.k. og náðust samningar við Framkvæmdasýslu ríkisins um yfirtöku á leigu húsnæðisins. Þjónustumiðstöðin verður tímabundið staðsett á tveimur stöðum, biskupsstofa verður í Grensáskirkju og rekstrarstofa á Suðurlandsbraut 32.

Markmið um hallalausan rekstur náðist að mestu leyti en hér er lögð fram áætlun með halla uppá 18 milljónir króna eða sem nemur 0,4% af tekjum. Þessi niðurstaða verður að teljast innan skekkjumarka en að sjálfsögðu verður leitast við að reksturinn verði í jafnvægi á næsta ári. Til að það takist þurfa allir að leggjast á árarnar og mikilvægt að hafa í huga að þetta er áætlun sem þýðir ekki endilega að allt sem áætlað er fyrir nái fram að ganga. Mikilvægt er að vakta reksturinn frá mánuði til mánaðar og bregðast við ef eitthvað er að fara úrskeiðis.

II. Rekstraáætlun (sjá annað blað)